

Menningardagskrá fyrir skólahópa skólaárið 2021/22

Menningarfulltrúi leggur áherslu á að hæla skólastjórnendum og kennurum fyrir frábærar viðtökur og samstarf sem hefur leitt til fráberrar þátttöku skólahópa á dagskrá í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og tónlistardagskrá í Tónlistarskóla og í sal Vídalínskirkju.

Á vorönn 2021 fór eftirfarandi dagskrá fram:

- Leikskólahópar: Dúó Stemma með tónleika í Tónlistarskóla sem alls **425** leikskólanemar nutu. Fyrstu hópar komu í október en þeir síðustu í mars en dagskrá frestaðist v. Covid19. Dúó Stemma eru sérfræðingar í tónlistardagskrá fyrir yngsta skólastigið en tónlistarmennirnir eru meðlimir í Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- 1. – 4. bekkingar, alls 735 börn nutu jazztónleikanna, Jazz er hrekkur í sal Tónlistarskólans. Jazztónlist var kynnt á aðgengilegan hátt fyrir nemendum en tónlistin var sett í þrettándabúning með textum og leikrænum tilþrifum.
- 5.- 7. bekkingar heimsóttu ullarsmiðju og leiðsögn um sýninguna 100% ull í Hönnunarsafni Íslands en 361 nemandi naut dagskrár sem var skert vegna lokanna að völdum heimsfaraldurs.
- 5. – 7. bekkingar sóttu leirsmiðjur og leiðsagnar um sýninguna Deiglumór fór fram í Hönnunarsafninu frá janúar-apríl 2021. Afraksturinn var sýndur á Barnamenningarhátíð í Garðabæ í apríl en alls 804 nemendur tóku þátt og voru því 804 leirfuglar sýndir á Garðatorgi á hátíðinni sem fékk athygli í fjölmiðlum enda einstaklega glæsileg vinna hjá nemendum.
- Barnamenningarhátíð í Garðabæ var haldin í fyrsta sinn undir þessu heiti og á sama tíma og Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Dagskráin var eftirfarandi:
 - Ljóðasmiðjur fyrir leikskólabörn sem lauk með sýningu á Bókasafni Garðabæjar. Tveir leikskólar voru valdir til samstarfs og fengu börnin að vinna í tvígang með ljóðatrúði og í kjölfarið myndskreyttu þau ljóð sín. Börnin mættu á opnun á sýningunni ásamt bæjarstjóra og leikskólafulltrúa.
 - Gunnar Helgason vann með 160 nemendum úr 7. Bekkjum en nemendur lærðu að byggja upp söguþráð undir handleiðslu Gunnars.
 - Nemendur úr 1. bekk unnu með ull og trjágreinar, alls 170 börn tóku þátt.
 - Nemendur úr 3. bekk unnu verkefnið Dýrin í Deiglumó á Hönnunarsafninu, alls 120 nemendur tóku þátt.
 - 200 nemendur úr 5. bekk dönsuðu arabískan dans á Garðatorgi 7.

Haustdagskráin 2021:

- Hönnunarsafn Íslands:
 - Nemendur í 7. bekk og sérhópar úr framhaldsskólum og unglingadeild grunnskólanna njóta leiðsagnar og spjalli um sýninguna Kristín Þorkelsdóttir en nemendur velta fyrir sér táknmyndum á sýningunni. Í kjölfarið fer fram smíðja með hönnuðum sem leiðbeina nemendum í að hanna sitt eigið merki og prenta það með prentpressu. Dagskráin fer fram í október og nóvember.
- Bókasafn Garðabæjar:
 - Kynning á bókasafninu fyrir 3. bekk með áherslu á mikilvægi myndskreytinga í bókum, 20. september-1. október.
 - Fornvarnarvikan í október fyrir 7. bekkina með áherslu á loftslagsbókmenntir og umhverfisvirðing. Kristín Helga Gunnarsdóttir tekur á móti nemendum.
 - Norræna bókmenntavikan, dagskrá fyrir 4. bekk 15. - 22. nóvember.
- Tónlistarskóli Garðabæjar og salur í Vídalínskirkju:
 - Music and the Brain, ópera eftir Helga Rafn Ingvarsson sýnd á 4 sýningum fyrir unglinga í Garðabæ í sal Vídalínskirkju. Alls 450 nemendur sóttu sýningarnar en 2 óperusöngvarar túlkuðu lækni og sjúkling með heilaskaða en auk þess komu fram flautuleikari, píanóleikari og tónskáldið sem stjórnaði og lék á rafhljóð. Sýningar fóru fram í byrjun nóvember.
 - Fiðurfé og fleiri furðuverur, tónlistardagskrá í boði Listar fyrir alla á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis flutt fyrir 1.-4. bekk í sal Tónlistarskólans. Menningar- og safnanefnd stendur straum af rútukostnaði fyrir nemendur sem ekki geta komist fótgangandi. Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Jón Svavar Jósefsson barítón ásamt Hrönn Þráinsdóttur fluttu íslensk lög og brugðu á leik í stíl við texta Þórarins Eldjárn.
 - Jazztónleikar fyrir 5. – 7. bekk á dagskrá í lok nóvember en söngkonan Margrét Eir ásamt Leifi Gunnarsyni kontrabassaleikara og Sunnu Gunnlaugs píanóleikara leika áhugaverða dagskrá þar sem þátttöku nemenda er krafist með ýmsum hætti.

Áform fyrir vorönn 2022:

Hönnunarsafn Íslands: Fræðsla og sköpun í tengslum við sýningu um sundlaugamenningu.

Bókasafn Garðabæjar: Ratleikur fyrir 6. Bekk og grafískar skáldsögur fyrir 8. – 9. bekk.

Barnamenningarhátíð 2022 í apríl: Fjölbreytt dagskrá, smíðjur og þátttaka nemenda í fyrirrúmi. Verkefni tengt Minjagarðinum á Hofsstöðum sem hefur fengið styrk frá Þjóðræknifélaginu verður m.a. á dagskrá.

